

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka atvinnulífsins
vegna Leikfélags Reykjavíkur
og
Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum

1. gr.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við kjarasamning FÍL og Samtaka atvinnulífsins vegna Leikfélags Reykjavíkur. Kjarasamningur aðila framlengist og gildir frá 1. nóvember 2022 til 31. janúar 2024.

2. gr.

Launabreytingar

Launahækkun samningsins er í formi hlutfallshækkunar og hámarks krónutöluhækkunar.

Þann 1. nóvember 2022 taka mánaðarlaun og kauptaxtar almennri hækkun um 6,75%, þó að hámarki kr. 66.000.

Kauptaxtar

Laun og sýningarlaun eru samkvæmt hjálögðum töflum.

Kjaratengdir liðir

Kjaratengdir liðir kjarasamnings hækka um 5% frá 1. nóvember 2022, nema um annað hafi verið samið.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót fyrir hvert almanaksár miðast við fullt starf verður:

Á árinu 2023 kr. 103.000.

Orlofsuppbót fyrir hvert orlofsár (1. maí til 30. apríl) miðað við fullt starf verður:

Á orlofsárinu sem hefst 1. maí 2023 kr. 56.000.

Hagvaxtarauki

Með framangreindum hækkunum hefur hagvaxtarauka skv. kjarasamningi aðila, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023, verið flýtt og að fullu efndur. Jafnframt er samkomulag um að með þessari hækkun og flýtingu komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019-2022.



3. gr.

Afleysing

Við bætist tímabundið frá 1.6.2023 til 31.1.2024 ný gr. 2.7.3 sem orðast svo:

Leikari sem er ekki á föstum samningi og tekur að sér að leysa af leikara fær greidd sérstök sýningarlaun enda liggja fyrir samþykki FÍL.

4. gr.


Afgreiðsla kjarasamnings


Tilkynna skal um afgreiðslu kjarasamnings eigi síðar en kl. 12:00 föstudaginn 16. júní 2023.

Reykjavík, 5. júní 2023

F.h. SA vegna Leikfélags Reykjavíkur

F.h. Félags íslenskra listamanna í sviðslistum og kvikmyndum


Kristín Ógund
Lendruneyti H. Lendruneyti


Þórunn
Hrafnkirkjan Suðurlind.
Elioz Guðlaugsson
Valdur Franz

Fylgiskjal

Með framlengingu á kjarasamningi aðila til 31. janúar 2024 er viðræðum um önnur atriði en launalið í kröfugerð aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður um aðrar kröfur eigi síðar en í nóvember 2023.

Á fyrsta fundi verður vinnan skipulögð, metið verður umfang verkefnis og þörf á undirhópum. Gengið verði frá fundaáætlun sem miðast við það að verkefni vinnuhópanna verði lokið þannig að kjarasamningur geti tekið við af kjarasamningi.

Handwritten signatures in blue ink, including a large signature at the top and several smaller ones below it.

Kauptaxtar og sýningarlaun á samningstímanum

Launatafla 1.11.2022

Lfl.		Laun
1	Byrjunarlaun	602.229
2	Eftir 1 árs prófaldur	624.560
3	Eftir 3 ára prófaldur	637.583
4	Eftir 6 ára prófaldur	661.772
5	Eftir 12 ára prófaldur	687.822
6	Eftir 20 ára prófaldur	700.847
7	Eftir 25 ára prófaldur	728.758
8	Eftir 30 ára prófaldur	758.530

Sýningarlaun	1.1.2022
Hefðbundnar sýningar	7.734
Styttri en 1 klst.	3.974

KA
BG
MJK
BA